



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

LOKH3HB03

Lokaverkefni í keppni

Kennari:	Johannes Amplatz (JOA) johannes@fsu.is
----------	---

Áfangalýsing:

Í áfanganum læra nemendur það helsta sem við kemur keppni og sýningum á íslenskum hestum. Áfanginn gefur möguleika á þverfaglegu samstarfi. Gert er ráð fyrir að nemandinn tengi efni áfangans við þjálfun og undirbúning á sínum hesti fyrir keppni og sýningar. Farið verður í keppnis- og sýningafyrirkomulag, reglugerðir, félagasamtök og verklegar æfingar. Ætlast er til að nemandinn öðlist hæfni til að nýta fyrri þekkingu og skilning. Mikil áhersla er lögð á að nemandinn læri að setja fram skoðanir sínar á faglegan hátt og geta rökstutt eigið mat.

Undanfari:

HEST3ÞG03, REIM3ÞG05

Einungis nemendur sem komnir eru að námslokum fá að sitja áfangann

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi reglugerðum og keppnisfyrirkomulögum (íþrótta- og gæðingakeppni auk gæðingafimi)
- mikilvægi undirbúnings knapa og hests og skipulags
- hvar á að finna upplýsingar
- mikilvægi þess að koma vinnu sinni á framfæri og rýna í eigin verk og annarra
- hver eru hlutverk mismunandi félagasamtaka um íslenska hestinn
- helstu aðferðum við heimildaleit og nauðsyn þess að vanda meðferð heimilda
- helstu reglum um þau kerfi sem eru notuð
- uppbyggingu og útfærslu mismunandi verkefna
- mikilvægi framkomu sem einkennist af virðingu og fagmennsku
- að setja sér raunhæf, metnaðarfull og hestvæn markmið

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- að afla sér upplýsingar
- vinna með og leggja mat á upplýsingar úr heimildum á sjálfstæðan og gagnrýnninn hátt
- fylgja viðurkenndum reglum við gerð og framkvæmd verkefnis
- tala á skýran og faglegan hátt
- tjá sig, í ræðu og riti, á gagnrýnninn og uppbyggjandi hátt um sérhæft efni
- temja sér frumkvæði, frumleika og skapandi hugsun
- útfæra eigin hugmynd að verkefni tengdu eigin sérgrein
- temja sér sjálfstæð og fagleg vinnubrögð
- setja fram vinnuáætlun og greina verkþætti
- að endurmeta framkvæmd verkefnisins
- kynna eigin verk og taka þátt í sýningu

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera raunhæfa áætlun og framfylgja henni
- gera lokaverkefni samkvæmt viðurkenndum aðferðum
- geta nýtt sér upplýsingatækni og aðra miðla við hugmyndavinnu
- vera fær um að taka sjálfstæða ákvörðun varðandi verkefnaval
- tileinka sér vinnuferlið frá hugmynd að fullgerðu verkefni
- fylgja eftir skipulögðu vinnuferli miðað við tímaþátt, endurmat og framkvæmd verkefnisins
- sýna frumkvæði, frumleika og skapandi hugsun
- koma vinnu sinni á framfæri í formi verkefna eða sýninga
- rýna í eigin verk og rökstyðja niðurstöður bæði munnlega og skriflega á uppbyggilegan hátt

Námsefni:

Námsefni frá kennara á Innu

Námsmat:

Verkefni úr lögum og reglum	15%
Verkefni „Horfa og lýsa“	15%
Verkefni „Gæðingakeppni“	10%
Verkefni „Dómgæsla“	40%
Frammistaða og virkni	20%

Sérreglur áfangans:

Fyrir hvern dag, þar sem verkefninu er skilað of seint er dregið 0,5 frá einkunn verkefnisins og eftir 4 daga er gefið 0 í einkunn fyrir verkefnið.

Þegar að engu verkefni er skilað, þá hefur það einnig neikvæð áhrif á einkunn fyrir „Frammistöðu og virkni“.

Skyldumæting er á þau mót þegar nemendur eiga að aðstoða dómara við að rita.

Frammistaða og virkni: Hér er metið hvernig frammistaða og virkni nemandans er í bóklegum tímum, en einnig á þetta við fyrir alla kennsluna, líka fyrir vettvangsferðir, tíma hjá gestakennurum, verkefnaskil, o.s.frv..

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans:

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hverrar annar.

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- Tækifæri til að sjá hvernig þér gekk
- Útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- Ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi
- Tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn

ATH: Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar

Áætlun um yfirferð:

Vika	Dagsetning	Viðfangsefni	Kennari
2	08.-09.01.	Kynning á efni og uppbyggingu námskeiðs	JOA
3	12.-16.01.	Almenn lög og reglur LH og FEIF	JOA
4	19.-23.01.	Almenn lög og reglur LH og FEIF, leiðari	JOA
5	26.-30.01.	Íþróttakeppni: Fjörgangur	JOA
6	02.-06.02.	Íþróttakeppni: Fimmgangur og Gæðingaskeið	JOA
7	09.-13.02.	Íþróttakeppni: Tölt T1 og Skeiðgreinar	JOA
8	16.-20.02.	Gæðingalist	JOA
9	23.-27.02.	23.-24.02. Vorfrí Íþróttakeppni: Tölt T2 og TIH 24.02. Suðurlandsdeild – Parafrimi og slaktaumatölt	JOA
10	02.-06.03.	Gæðingakeppni: Reglur	JOA
11	09.-13.03.	Gæðingakeppni: A- og B-flokkur 10.03. Suðurlandsdeild – Fjörgangur	JOA
12	16.-20.03.	18.-19.03. Kátir dagar 20.03. Flóafár	JOA
13	23.-27.03.	Gæðingakeppni: C-Flokkur og barnaflokkur 24.03. Suðurlandsdeild – Fimmgangur	JOA
14	30.03.-03.04.	30.03.-03.04. Páskafri	JOA
15	06.-10.04.	06.04. Páskafri Gæðingakeppni: Unglingaflokkur og ungmennaflokkur 07.04. Suðurlandsdeild – Tölt og skeið	JOA
16	13.-17.04.	Fundur með íþróttadómara	JOA, Íþróttadómari
17	20.-24.04.	Wängen? 23.04. Sumardagurinn fyrsti	JOA

18	27.04.-01.05.	Gæðingakeppni: Fundur með gæðingadómara 01.05. Fridagur verkalýðsins	JOA, Gæðingadómari
19	04.-08.05.	Upprifjun	JOA